

Miðvikudaginn 17. marz 1954.

Nr. 154/1951. **Jón M. Jónsson** (Gústaf A. Sveinsson)
 gegn

Póri Kristjánssyni (Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupkrafa bifreiðarstjóra. Gagnkröfum vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1951. Krefst hann sýknu af dómkröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið lögð fram nokkur ný gögn og vitni verið leidd.

Í máli þessu krefst stefndi kaupgjalds fyrir bifreiðarstjórn í þágu áfrýjanda í nóvembermánuði 1948. Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að málsaðiljar hafi samið svo, að nefnt kaup stefnda skyldi greiða með skuldajöfnuði. Skuldajafnaðarkröfur þær, sem áfrýjandi hefur uppi í málinu, að undantekinni 50 króna kröfu þeirri, sem dregin er frá í héraðsdómi og stefndi hefur sætt sig við, koma því ekki til álita í máli þessu, sbr. lög nr. 15/1931 og 1. gr. laga nr. 28/1930, og ber að vísa þeim frá héraðsdómi. Hins vegar verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda hið vangoldna kaup hans að frádregnum nefndum kr. 50,00, og ber að því leyti að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 1.500,00.

Dómsorð:

Framangreindum gagnkröfum vísast frá héraðsdómi.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón M. Jónsson, greiði stefnda, Þóri Kristjánssyni, kr. 1.500,00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 10. september 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur stefnandi, Þóri Kristjánsson, Strandgötu 13, Akureyri, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 30. marz sl., á hendur Jóni M. Jónssyni, bónda í Litla-Dunhaga, Arnarneshreppi, til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 1.500,00, auk 6% ársvaxta frá 1. des. 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur fallizt á, að mál þetta verði rekið fyrir bæjarþingi Akureyrar og gengið sé fram hjá sáttanefnd og mætt sé án stefnubirtingar.

Stefndur krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Er málið var tekið fyrir í bæjarþingi 3. þ. m., mætti enginn af hálfu stefnds, og krafðist þá umboðsmaður stefnanda, að málið væri tekið til dóms.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir kröfum sínum, að hann hafi yfir nóvembermánuð 1948 ekið mjólkurflutningabifreið hjá stefndum, og nemi kaup hans fyrir þetta starf kr. 1.500,00, sem allt sé ógreitt þrátt fyrir margar innheimtutilraunir, sem allar hafi strandað á fjárskorti stefnds.

Stefndur hefur viðurkennt, að stefnandi hafi í nóvember 1948 ekið hjá sér mjólkurflutningabifreið í tæpan mánuð. Hafi þá verið munnlega svo um samið á milli þeirra, að stefnandi skyldi vinna af sér skuldir, sem hann var í við stefndan og námu kr. 1.897,00. Þessu hefur stefnandi mótmælt.

Stefndur gerir þannig grein fyrir skuld þessari:

Stefnandi hafi fengið að hálfu á móti Hauki, syni sínum, lánaða 10 manna bifreið austur að Jökulsárbrú. Hluti hans af því nam kr. 400,00. Þá hafi hann ásamt syni sínum fengið bifreið lánaða hjá sér 8 sinnum í Vaglaskóg, og nam hluti hans þar kr. 400,00. Þá hafi hann fengið lánaða hjá sér bifreið út á Árskógsströnd, sem kostaði kr. 100,00.

Einnig hafi hann alloft fengið lánaða hjá sér bifreið inn á Akureyri að kvöldi til og um helgar, og sé það vægilega áætlað kr. 200,00.

Þá hafi hann fengið hjá sér ofn í bifreið, sem kostaði kr. 50,00, slátur fyrir kr. 100,00, auk þess hafi hann haft fæði hjá sér að hálfu, sem sé vægilega reiknað á kr. 250,00.

Enn fremur hafi hann fengið hjá Jóni, syni sínum, frakka, sem seldur hafi verið á kr. 300,00, og Hauki, syni sínum, kr. 97,00 fyrir

sjóstakk. Samanlagt geri þetta kr. 1.897,00, og sé því skuld sín við stefnanda að fullu greidd.

Stefnandi hefur mótmælt því að skulda stefndum neitt nema umræddan ofn, enda hafi stefndur sér vitanlega ekki haldið því fram fyrr en nú í máli þessu.

Stefnandi heldur því fram, að í stefnukröfunni sé fólgin krafa um frítt fæði og húsnæði og stefnukröfunni sé í hóf stillt þrátt fyrir þetta. Hann kveðst aðeins hafa borðað kvöldmat í Litla-Dunhaga, en oftast drukkið morgunkaffi annars staðar. Annarra máltíða kveðst hann hafa neytt heima hjá sér á Akureyri. Varðandi bílferð að Jökulsárbrú heldur hann því fram, að sonur stefnds hafi boðið sér þangað ótilkvaddur án þess að setja upp endurgjald.

Þá heldur stefnandi því fram, að í Vaglaskóg hafi hann farið 4 eða 5 ferðir, en ekki 8, eins og stefndur telur. Sonur stefnds hafi einnig boðið sér þangað án þess að setja upp endurgjald.

Stefnandi heldur því enn fremur fram, að sami sonur stefnds hafi boðið sig að sækja sig út á Árskógsströnd, en þar var þá dansleikur. Hann hafi því farið þessa ferð vegna beiðni sonar stefnds, en ekki sín vegna.

Um bílferðir til Akureyrar segir stefnandi, að hann hafi fengið tvisvar eða þrisvar leyfi stefnds til að fara í bifreið hans til Akureyrar, og kveðst hann hafa boðið um bifreiðina endurgjaldslaust, enda hafi ekki verið minnst á neitt gjald af hálfu stefnds fyrir þetta.

Stefnandi hefur viðurkennt að hafa keypt gluggaofn af stefndum og að andvirðið sé ógreitt. Þá neitar stefnandi því að hafa fengið nokkurt slátur hjá stefndum.

Stefnandi kveðst hafa keypt frakka og sjóstakk af sonum stefnds og greitt báðum andvirðið, enda séu þau viðskipti þessu máli óviðkomandi.

Svo sem atvikum hefur nú verið lýst, verður ekki séð af skjölum málsins, að stefndum hafi tekizt að færa sönnur á, að hann eigi lögmætar kröfur á stefnanda, sem til skuldajafnaðar geti komið í máli þessu, að undanskildum þeim kr. 50,00, sem stefnandi hefur viðurkennt, enda er óupplýst, að stefndur hafi, áður en til þessarar málssóknar kom, hreyft neinum skuldakröfum á hendur honum.

Verður af þessum ástæðum að taka kröfur stefnanda til greina, þó þannig, að kr. 50,00 komi til frádráttar stefnukröfunni.

Samkvæmt þessu þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 500,00.

Dómsorð:

Stefndur, Jón M. Jónsson, greiði stefnanda, Þóri Kristjánsyni, kr. 1.450,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. marz 1951 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum